

49
20. júlí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessild og skozkverkaðri sild.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að í lögum nr. 53 frá 1938, um mat á matjessild og skozkverkaðri sild, sé matsgjald af hverri útflutningsmetinni tunnu ákveðið kr. 0.25. Vegna þeirra verðhækkana, sem orðið hafi, síðan lögín voru sett, beri nauðsyn til að hækka þetta gjald, ef það eigi að nægja til að standa straum af kostnaði við matið eins og til var ætlað. Þá verði og að telja eðlilegt, að sama gjald verði tekið af þeirri sild, sem metin er með frjálstu mati.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað „kr. 0.25“ í 3. gr. laganna komi: kr. 1.00.

2. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi: Um kostnað við frjálst mat á sild fer samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. júlí 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

50
5. ágúst

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 75 22. júní 1921, um stimpilgjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að eigi séu skýr ákvæði í lögum um það, hvernig stimpla beri svo nefnd ábyrgðartryggingarskirteini. Nú hafa innlend váttryggingarfélag byrjað sölu á almennum ábyrgðartryggingum og er því nauðsynlegt að setja um þetta skýr ákvæði.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 38. gr. kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að ákveða að ábyrgðartryggingarskirteini skuli stimplast með allt að 8% af fyrsta ársiðgjaldi.